



# EVROPSKA HAGSKÝRSLU- SAMSTARFIÐ

## Gæðayfirlýsing Evrópska hagskýrslusamstarfsins

Evrópska hagskýrslusamstarfið er samstarfsvettvangur fyrir hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), hagstofur aðildarlanda Evrópusambandsins og EFTA-landanna. Hlutverk okkar er að veita óháðar tölfræðilegar upplýsingar sem standast gæðakröfur, um Evrópu í heild sinni og einstök lönd og svæði innan álfunnar. Upplýsingarnar þurfa að vera aðgengilegar öllum fyrir ákvarðanatöku, rannsóknir og umræður.

Framboð af evrópskum hagtölum og áherslur í hagskýrslugerð eru ræddar og samþykktar af aðilum Evrópska hagskýrslusamstarfsins. Loka ákvarðanir eru teknar með lýðræðislegum aðferðum í samræmi við evrópska lagalega málsmeðferð.

Starfsemi okkar heyrir undir strangt lögbundið stjórnarfyrikomulag<sup>1</sup> og fylgir alþjóðlega viðurkenndri gæðanálgu sem byggir á meginreglum í evrópskri hagskýrslugerð<sup>2</sup> og innri úttektum. Reglulega eru gerðar úttektir þar sem kannað er hvort starfsemi sé í samræmi við meginreglurnar og vandlega er fylgst með umbótum sem gerðar eru í kjölfar slíkra úttekta.

Við lítum á gæði sem grunninn að samkeppnisforskoti okkar í heimi þar sem tilhneigingin er í átt að skyndiupplýsingum þar sem ekki er alltaf hægt að staðfesta gæðin. Við erum faglega sjálfstæð í því sem við gerum og óhlutdræg gagnvart notendum okkar. Við gerum hlutlægar og áreiðanlegar hagtölur, höldum trúnað og gætum að hagkvæmni í rekstri. Hagtölur sem við þróum, framleiðum og miðlum eru byggðar á traustri aðferðafræði, bestu alþjóðlegu stöðlum og gagnsæju vel skjöluðu og viðeigandi verklagi. Megin gæðareglurnar okkar eru: Notagildi, nákvæmni, tímanleiki og stundvísi, aðgengi og skýrleiki, auk samanburðarhæfni og samræmi.

Við vinnum markvisst að því að minnka svarbyrði, bæta samvinnu við gagnaveitendur og vinnum náðið með hagsmunaaðilum, þar á meðal vísindasamfélaginu.

Við erum staðráðin í að viðhalda yfirburðum með því að þróa sameiginlega nálgun í gæðamálum. Það felur meðal annars í sér að greina kerfisbundið styrkleika, veikleika og áhættu. Með stöðugum umbótum, nýsköpun og með nýjum hagræðum, aukum við ekki aðeins gæði afurða og þjónustu, heldur reynum við einnig að sjá fyrir nýjungar og framtíðarþarfir notenda.

*Hagstofustjórar, forstöðumenn hagstofa og forstöðumaður Eurostat*

1 Treaty on the Functioning of the European Union: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=OJ:C:2012:326:FULL&from=EN>) and Regulation (EC) No 223/2009 on European statistics as amended by Regulation (EU) 2015/759: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/PDF/?uri=CELEX:02009R0223-20150608&from=EN>

2 European Statistics Code of Practice: <http://ec.europa.eu/eurostat/documents/3859598/5921861/KS-32-11-955-EN.PDF/5fa1ebc6-90bb-43fa-888f-dde032471e15> and Quality Assurance Framework of the ESS: <http://ec.europa.eu/eurostat/documents/64157/4392716/ESS-QAF-V1-2final.pdf/bbf5970c-1adf-46c8-afc3-58ce177a0646>